

Stefnir – úrræði fyrirtækja í fjárhagslegri endurskipulagningu

Dags. 21/04/2010

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Markmið Stefnis hf. við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja er að hámarka endurheimtur krafna með hliðsjón af þeim hagsmunum sem félaginu ber að gæta. Stefnir hf. rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði skv. lögum nr. 30/2003 og sjóðunum ber því að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa sem eiga kröfurnar.

Sjóðir Stefnis hf. hafa sett allar kröfur í innheimtu ef ekki er greitt á gjalddaga. Sú leið kann þó ekki að reynast farsæl þegar staða fyrirtækja er það slæm. Sjóðir sem reknir eru af Stefni hf. hafa aðallega komið að endurskipulagningu fyrirtækja þegar fyrirtæki hafa sótt um heimild til að gera nauðasamninga við kröfuhafa, enda eru kröfur sjóðanna hluti af stærri heild. Stefnir hf. kemur því ekki að fjárhagslegri endurskipulagningu nema með þátttöku annarra kröfuhafa.

Eftirfarandi úrræði eru höfð til hliðsjónar við úrlausn á fjárhagsvanda fyrirtækja svo hægt verði að samræma aðgerðir að eins miklu leyti og því verður við komið.

Skilmálabreyting krafna, t.d. greiðslufrestur veittur.

Skuldbreyting í formi lengri lánstíma og/eða breytingu á kjörum.

Niðurfelling skulda að hluta til eða að öllu leyti kemur til greina í skiptum fyrir hlutafé ef verðmæti eru fólgin í hlutafénu. Eftirgjöf skulda getur ekki leitt til jákvæðs eigin fjár eigenda. Víkjandi skuldabréf getur verið möguleiki í staðinn fyrir hlutafé.

Gerð nauðasamnings, frjáls eða formlegs.

Niðurfelling skulda er síðasta úrræðið ef aðrar aðgerðar ná ekki tilætluðum árangri. Fyrirtæki þurfa að uppfylla skilyrði samkvæmt reglum Stefnis hf. um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki hafi reynt til hins ítrasta að auka hlutafé félagsins áður en leitað er eftir fjárhagslegri endurskipulagningu. Ljóst er að framangreindar aðferðir ganga ekki upp í ákveðnum tilfellum. Þá þarf að beita hefðbundnum fullnustuaðferðum til að tryggja hag kröfuhafa.